Bæjarstjórn - 1984

FUNDARBOÐ

1984. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 4. nóvember 2026 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. **2502769 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029**

   Lagður fram til samþykktar 6. viðkauki við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2026.

2. **2607018 - Fjárhagsrammi 2027**

   1. liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 14.október sl.
   Farið yfir tillögu að rekstrar- og framkvæmdaáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2027 og langtímaáætlun fyrir 2028-2030.

   Hafnarstjórn samþykkir fyrirliggjndi fjárhags- og rekstraráætlun fyrir Hafnarfjarðarhöfn og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja hana með sama hætti.

3. **2604387 - Lónsbraut, breyting á deiliskipulagi**

   7. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 28. október sl.

   Á fundi bæjarráðs þann 11. júní sl. var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lónsbrautar. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð fyrir smáhýsi. Tillagan var í auglýsingu 25.6-9.8.2026. Lögð fram svör við athugasemdum.

   Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. **2607313 - Hellisgata 13 og 15, breyting á deiliskipulagi**

   6. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 28. október sl.

   Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 19.08.2026 var samþykkt að grenndarkynna með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga erindið Einars Inga Reynissonar um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Hellisgötu 13 og 15. Breytingin felur í sér að fallið er frá skilmálum um viðbyggingu við núverandi íbúðarhús að Hellisgötu nr. 13 til að varðveita upprunalega formgerð þess. Í staðinn er skilgreindur nýr stakstæður byggingarreitur fyrir vinnustofu á einni hæð

með risi á norðanverðri lóðinni fyrir sambærilega byggingarheimild. Með breytingunni er nýtingarhlutfall lóðarinnar aukið úr 0,25 í 0,34. Fallið er frá byggingarreit á framlóð að Hellisgötu 15. Heimilað byggingarmagn, 50 fm. er fært að núverandi byggingu og nýtt til viðbygginga í norðvesturhluta hennar. Nýtingarhlutfall helst óbreytt. Erindið var grenndarkynnt frá 24.08.2026 til 21.09.2026. Á meðan grenndarkynningu stóð barst ósk um frekari gögn frá lóðarhafa Vesturgötu 22. Viðbótargögn vöru send lóðarhafa Vesturgötu 22 og frestur til að gera athugasemdir lengdur til 13.10.2026. Lögð fram svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2605480 - Ísallínur 3 og 4, framkvæmdaleyfi

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 28. október sl.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 19. ágúst sl. var samþykkt að grenndarkynna umsókn Landsnets ásamt fylgigögnum um framkvæmdaleyfi skv. heimild 44. gr. skipulagslaga. Ný gögn um áhrifamat á vatnshlot höfðu ekki hlotið kynningu almennings. Auk þess var leitað umsagnar Náttúruverndarstofnunar á framkvæmdum vegna náttúruminja sem njóta sérstakrar verndar. Gögnin voru í kynningu 14.9.- 12.10.2026. Athugasemdir sem bárust á kynningartíma voru lagðar fram ásamt viðbrögðum Landsnets við framkomnum athugasemdum á fundi ráðsins þann 14. október 2026. Lögð fram svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og beinir því til bæjarstjórnar að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.
Skipulags- og byggingarráð ítrekar bókun sína frá 19. ágúst 2026.

Skipulags- og byggingarráð fagnar því að nú sé komið að framkvæmdum við færslu Ísallína í nýtt línubelti og að með þeim breytingum muni háspennulínur á stórum hluta færast fjær íbúðabyggð.

Jafnframt vill ráðið árétta mikilvægi þess að sú lausn sem nú er unnið að verði áfangi á leið að varanlegri framtíðarlausn. Í samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets er gert ráð fyrir að loftlínur frá Hamranesi að Hrauntungum séu tímabundin lausn. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir að háspennulínur verði lagðar í jörðu og að nýtt tengivirki verði staðsett í Hrauntungum.

Þá er í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins lögð áhersla á að fjölgun háspennulína innan svæðisins verði takmörkuð og að horft verði til þess að leggja háspennustrengi í jörðu. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að hvergi á höfuðborgarsvæðinu liggja háspennu loftlínur jafn nærri íbúðabyggð og við Vellina.

Ráðið ítrekar jafnframt bókun skipulags- og byggingaráðs frá 28. nóvember 2024 um Ísallínur og þá afstöðu að mikilvægt sé að Landsnet standi við fyrirliggjandi samkomulag um að loftlínur verði fjarlægðar úr sjónlínu byggðar þegar aðstæður leyfa.

Með hagsmuni íbúa, umhverfis og framtíðarþróunar svæðisins að leiðarljósi telur ráðið mikilvægt að sett verði skýr tímasett áætlun um næstu skref. Ráðið óskar eftir því að unnið verði að því markmiði að innan tíu ára verði komin varanleg

lausn án loftlína frá Hamranestengistöð, í samræmi við stefnu skipulagsáætlana Hafnarfjarðarbæjar og höfuðborgarsvæðisins.

Fundargerðir

6. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð forsætanefndar frá 2. nóvember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 29. október sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28. október sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 28. október sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 27. október sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 23. október sl.

Áætlanir og ársreikningar

7. 2602450 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2027 og 2028-2030.

1. liður í fundargerð bæjarráðs frá 29. október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2027 og langtímaáætlun 2028-2030. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Lögð fram tillaga bæjarstjóra um hagræðingaraðgerðir innan stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar ásamt greinargerð.

Bæjarráð telur nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir sem stuðla að hagkvæmari og skilvirkari rekstri sveitarfélagsins og bæta nýtingu fjármuna og mannafla.

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu og greinargerð.

Bæjarráð felur bæjarstjóra ásamt sviðsstjórum að fylgja samþykktinni eftir og annast framkvæmd þeirra aðgerða sem af henni leiða í samræmi við lög, samþykktir sveitarfélagsins og gildandi stjórnunarheimildir.“

Bæjarráð felur bæjarstjóra í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og mannauðsstjóra að útfæra aðgerðir og ferla sem takmarka ráðningar hjá sveitarfélaginu, meðal annars með skipan ráðningarnefndar sem samþykkja þarf allar ráðninga í störf utan grunnþjónustu. Störf sem losna verði ekki sjálfkrafa endurmönnuð og ráðningar utan grunnþjónustu verða háðar samþykki ráðningarnefndar. Áfram verði heimilt að ráða vegna eðlilegrar starfsmannaveltu í leikskólum, grunnskólum og á heimilum fyrir fatlað fólk, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra í samráði við sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og stjórnsýslusviðs að útfæra reglur og ferla sem takmarka og skilyrða nýjar fjárfestingar til næstu tveggja ára.

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra að laun bæjarstjóra og sviðsstjóra verði fryst til næstu tveggja ára.

Bæjarráð samþykkir jafnframt að vísa fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 ásamt langtímaáætlun fyrir árin 2028-2030 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

04.11.2026

Þórður Þórarinsson bæjarstjóri